

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, nr. 38/2022.

#### 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Allir þeir sem grunur leikur á að hafi dvalið á sama dvalarstað og einstaklingur með COVID-19 skulu fara í sóttkví í fimm daga, frá því að þeir dvöldust síðast með smituðum einstaklingi, sem þeir losna úr með neikvæðri niðurstöðu úr PCR-prófi. Dveljist einstaklingur í sóttkví án þess að viðhafa fullan aðskilnað við einstakling í einangrun skal sóttkví þó aldrei aflétt fyrir en degi eftir afléttingu einangrunar þess einstaklings sem henni sætti í kjölfar neikvæðrar niðurstöðu úr PCR-prófi þess sem sætir sóttkví. Þá skal einstaklingur sem gengst ekki undir PCR-próf til afléttingar á sóttkví sæta henni í 14 daga frá útsetningu fyrir smiti.

Einstaklingum sem eru bólusettir gegn COVID-19 með þremur skömmtum af bóluefni, viðurkenndu af Lyfjastofnun, þar sem þriðji skammtur var gefinn a.m.k. 14 dögum fyrir útsetningu smits og einstaklingum sem hafa fengið staðfest smit af COVID-19 og verið bólusettir með tveimur skömmtum af bóluefni gegn COVID-19, viðurkenndu af Lyfjastofnun, þar sem annar skammtur var gefinn a.m.k. 14 dögum fyrir útsetningu smits, ber þó ekki að sæta sóttkví skv. 1. mgr. heldur viðhafa smitgát og fer um skyldur þeirra eftir 5. gr. a. Jafnframt ber þeim að gangast undir PCR-próf eigi fyrir en á fimmta degi smitgátar, sem skal aflétt í kjölfar neikvæðrar niðurstöðu prófs, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr.

Þá ber öðrum sem hafa verið í umgengni við einstakling með COVID-19, utan dvalarstaðar, að viðhafa smitgát í fimm daga frá því þeir umgengust síðast smitaðan einstakling. Um skyldur þeirra fer eftir 5. gr. a. Börn fædd 2006 og síðar eru þó undanþegin smitgát vegna umgengni utan dvalarstaðar við einstakling með COVID-19.

Um jákvæða niðurstöðu PCR-prófs fer eftir 3. gr.

#### 2. gr.

5. gr. a reglugerðarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

#### *Skyldur einstaklinga sem viðhafa smitgát.*

Í smitgát felst takmörkun á athafnafrelsi í fimm daga eftir útsetningu smits með eftirfarandi hætti:

- a. Einstaklingur skal forðast staði þar sem eru fleiri en 20 manns.
- b. Þrátt fyrir a-lið má einstaklingur sækja vinnu eða skóla þótt þar séu fleiri komnir saman sem og sækja sér nauðsynlega þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, sækja verslanir og nota almenningsamgöngur.
- c. Einstaklingur skal bera grímu í umgengni við einstaklinga, aðra en þá sem teljast vera í nánum tengslum, utan- sem innandyra.
- d. Einstaklingi er ekki heimilt að fara í heimsókn á heilbrigðisstofnanir, þ.m.t. hjúkrunarheimili, nema með sérstöku leyfi viðkomandi stofnunar.
- e. Einstaklingur skal forðast umgengni við einstaklinga sem eru í aukinni hættu á alvarlegum veikindum ef þeir smitast af COVID-19.
- f. Einstaklingur skal undirgangast PCR-sýnatöku án tafar vakni hjá honum grunur um smit sökum einkenna. Neikvæð niðurstaða úr slíku prófi stytir þó ekki smitgát.

#### 3. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þá telst bólusetningarvottorð skv. 1. mgr. aðeins viðurkennt hafi ekki liðið meira en 270 dagar frá grunnbólusetningu í þeim tilvikum sem einstaklingur hefur ekki gengist undir örvunarbólusetningu.

#### 4. gr.

Í stað fylgiskjals 1 kemur nýtt fylgiskjal 1 sem birt er með reglugerð þessari.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12., 13., 14. og 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur þegar gildi og gildir jafnframt um þá einstaklinga sem sæta þegar sóttkví skv. 4. gr. Þó skal 3. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. febrúar 2022.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 25. janúar 2022.*

F. h. heilbrigðisráðherra,

**Ásta Valdimarsdóttir.**

*Ásthildur Knútsdóttir.*

**Fylgiskjal 1.****LEIÐBEININGAR SÓTTVARNALÆKNIS  
fyrir almenning varðandi heimasóttkví.**

Þeir sem koma til Íslands eftir að hafa verið á áhættusvæðum erlendis skulu forskrá sig fyrir komuna til landsins. Einstaklingar sem eru fullbólusettir, með staðfesta fyrri sýkingu eða mótefni sem og börn fædd 2005 og síðar eru undanþegin sóttkví eftir ferðalag en aðrir ferðamenn þurfa að sæta sóttkví.

Þeir sem hafa verið í nánd við einstakling með COVID-19 geta þurft að sæta sóttkví skv. reglugerð og ákvörðun smitrakningateymis almannavarna og sóttvarnalæknis.

Orðalagið „heimasóttkví“ er notað í þessu og öðrum skjölum sem varða reglur um sóttkví í húsnæði sem ekki telst til opinberra sóttvarnahúsa, hvort sem um er að ræða heimahús, hótél, eða aðra gistingualeika sem teljast viðeigandi húsnæði fyrir sóttkví. Þannig er orðið „heima“ og „heimili“ notað um aðstöðu sem notuð er til sóttkvíar, hvort sem einstaklingur er búsettur þar að staðaldri eða ekki.

Orðið „ferðamaður“ er notað yfir alla þá sem koma til Íslands, óháð búsetu, þjóðerni eða tilgangi ferðalags.

Fyrir þá sem þurfa að fara í sóttkví gilda sömu leiðbeiningar um heimasóttkví vegna ferðalags og fyrir þá sem eru útsettir fyrir smiti nema að ferðamenn þurfa að fara í sýnatöku við komuna. Sóttkví er aflétt með neikvæðri niðurstöðu PCR-sýnatöku eftir 5 daga en að öðrum kosti varir sóttkví í 14 daga.

Sérstakar leiðbeiningar til viðbótar geta gilt um sóttvarnahús/sóttkvíarhótél.

Brot á sóttvarnarreglum geta varðað sektum. Heimild sóttvarnalæknis til að grípa til sóttkvíar og einangrunar er byggð á lögum nr. 19/1997. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun um sóttkví eða einangrun skal beina til sóttvarnalæknis. Nánar um skyldu einstaklinga til að sæta sóttkví eða einangrun eða undirgangast sýnatöku vegna COVID-19 má lesa hér.

Við upphaf á sóttkví í heimahúsi skal einstaklingur kynna sér eftirfarandi ítarlegar upplýsingar um smitleiðir og einkenni COVID-19 sýkingar sem finna má á vef embættis landlæknis.

**Sóttkví.**

- Aðilar sem ekki hafa verið útsettir fyrir smiti geta verið á heimilinu með einstaklingi sem er í sóttkví en gæta að smitvörnum eins og kostur er. Þeir mega stunda vinnu og skóla utan heimilis.
- Heimilismenn sem voru útsettir fyrir smiti á sama tíma geta verið í sóttkví saman á sama stað.
- Nánin umgengni þess sem er í sóttkví við annað fólk er óæskileg t.d. kossar og faðmlög. Einnig getur sá einstaklingur þurft aðstoð við aðföng o.þ.h.
  - Ef heimilið er í sóttkví geta vinir eða ættingjar sinnt aðföngum og skilið eftir við útidyr en eiga **ekki** að hafa bein samskipti við aðila í sóttkví.
  - Ef heimsending matvæla og annarra nauðsynja er í boði á svæðinu er hægt að nýta þá þjónustu á meðan sóttkví stendur. Sá sem er í sóttkví ætti að taka fram að um sóttkví sé að ræða og varning ætti að skilja eftir við útidyr.

- Ef einstaklingur í sóttkví fær einkenni COVID-19 sýkingar ber honum að fara tafarlaust í PCR-próf (nota má einkabíl eða leigubíl og taka skal fram að hann sé í sóttkví) og í einangrun meðan hann bíður niðurstöðu. Heimilismenn á sama heimili þurfa að fara strax í sóttkví og bíða niðurstöðu PCR-prófsins. Reynist viðkomandi vera smitaður af COVID-19 (PCR-próf er jákvætt) þurfa heimilismenn að vera áfram í sóttkví samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalæknis. Sá smitaði er áfram í einangrun undir eftirliti COVID-19 göngudeildar.
- Sjá einnig leiðbeiningar um börn í sóttkví.

#### **Einstaklingur í sóttkví á að halda sig heima við.**

- Sóttkvíarstaður þarf að vera húsnæði sem telst fullnægjandi til sóttkvíar, sbr. leiðbeiningar um húsnæði í sóttkví. Þetta getur verið heimili fólks en einnig leigu-/lánsíbúðir eða hótalherbergi.
- Einstaklingur í sóttkví **má** sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, að höfðu samráði fyrir fram við heilsugæslu/1700/112.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** nota almenningssamgöngur (þ.m.t. áætluarflug innanlands, strætisvagna) en má nota leigubíl, bílaleigubíl eða einkabíl til að komast á sóttkvíarstað eftir komuna (og aftur á landamærastöð ef það á við), til að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og til að komast til og frá seinni sýnatöku. Einstaklingar í sóttkví vegna ferðalags mega nota flugrútu.
- Við komuna til landsins er heimilt að ferðast frá landamærastöð að sóttkvíarstað. Heimilt er að gista eina nótt nærri landamærastöð áður en haldið er á sóttkvíarstað. Ef dvöl á Íslandi er skemmri en sóttkvíartímabil gildir það sama við brottför, þ.e. heimilt er að ferðast að landamærastöð.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara til vinnu eða skóla.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara á mannámót, hvort sem þau varða starf hans, fjölskyldu eða félagslíf.
- Einstaklingur í sóttkví **má** vera viðstaddur kistulagningu og útför ef hann fylgir sérstökum leiðbeiningum þar að lútandi. Niðurstaða úr sýnatöku skal liggja fyrir eftir ferðalag erlendis. Einstaklingur í sóttkví sem dvelur á sama stað/heimili og sýktur einstaklingur með COVID-19 má ekki vera viðstaddur kistulagningu eða útför.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara sjálfur eftir aðföngum, þ. á m. í apótek, matvöruverslun, pósthús, banka eða annað.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara á veitingastaði, krár/vínveitingastaði, heilsuræktarstöðvar, sundlaugar, í leikhús, kvikmyndahús, verslanir eða aðra staði þar sem margir koma saman.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** dvelja í sameiginlegum rýmum fjölbýlishúsa, s.s. stiga-göngum, þvottahúsum eða sameiginlegum gördum/útivistarsvæðum.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** taka á móti gestum á heimili sínu meðan sóttkví stendur yfir.
- Einstaklingur í sóttkví **má** fara út á svalir eða í garð sem er til einkaafnota.
- Einstaklingur í sóttkví **má** fara í gönguferðir í nærumhverfi sóttkvíarstaðar en þarf að halda sig í a.m.k. 2 metra fjarlægð frá öðrum vegfarendum og má ekki heimsækja fjölsóttta staði þrátt fyrir að vera undir beru lofti. Viðmið eru tvær gönguferðir á dag í hámark 30 mínútur í hvort sinn.
- Einstaklingur í sóttkví má **ekki** fara í skoðunarferðir og má ekki fara út að keyra nema við komuna til landsins, þegar mögulega þarf að ferðast milli landamærastöðvar og heimilis, til að sækja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og í seinni sýnatöku eftir komu til landsins.